

# STARFSREGLUR FRAMKVÆMDASTJÓRNAR IÐUNNAR – fræðsluseturs

## 1. gr. MARKMIÐ OG GRUNDVÖLLUR

- 1.1 Starfsreglur þessar eru settar í samræmi við 7.2. gr. starfsreglna stjórnar IÐUNNAR.
- 1.2 Markmið starfsreglna framkvæmdastjórnar er tryggja faglega og hlutlæga umfjöllun þeirra mála sem borin eru fyrir framkvæmdastjórn auk þess að skýra verkaskiptingu milli stjórnar, framkvæmdastjóra og framkvæmdastjórnar IÐUNNAR.

## 2. gr. SKIPAN FRAMKVÆMDASTJÓRNAR

- 2.1 Framkvæmdastjórn samanstendur af formanni stjórnar, varaformanni og tveimur öðrum fulltrúum stjórnar. Skal framkvæmdastjórnin ávallt skipuð tveimur fulltrúum frá atvinnurekendasamtökum og tveimur frá launþegasamtökum.
- 2.2 Launakjör framkvæmdastjórnar eru í samræmi við gildandi starfskjarastefnu IÐUNNAR hverju sinni.

## 3. gr. HLUTVERK OG VERKSVIÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNAR

- 3.1 Framkvæmdastjórn skal í umboði stjórnar hafa eftirlit með rekstrar- og fjárhagsáætlun og vera framkvæmdastjóra til ráðgjafar.
- 3.2 Framkvæmdastjórn starfar með sama hætti og sviðsstjórnir IÐUNNAR gagnvart starfsmenntasviði samkvæmt 19. gr. samþykktá félagsins.
- 3.3 Stjórn getur falið framkvæmdastjórn í samræmi við starfsreglur hennar og/eða einstökum stjórnarmönnum einum eða fleiri tiltekin mál til athugunar, vinnslu og undirbúnings fyrir stjórnarfundi eða milli stjórnarfunda.
- 3.4 Stjórn staðfestir verkaskiptingu stjórnar og framkvæmdastjórnar í upphafi hvers starfsárs.

## 4. gr. BOÐUN OG FORM FRAMKVÆMDASTJÓRNAFUNDA

- 4.1 Framkvæmdastjórn fundar milli stjórnarfunda eftir því sem þörf krefur.
- 4.2 Framkvæmdastjórnarfundi skal boða með dagskrá með minnst þriggja daga fyrirvara.
- 4.3 Formaður stjórnar stýrir fundum en varaformaður í fjarveru formanns.
- 4.4 Fundargerðir skulu ritaðar á framkvæmdastjórnarfundum og skal frágangi fundargerða að jafnaði lokið þremur dögum eftir fund og vera aðgengilegar á vinnusvæði framkvæmdastjórnar.
- 4.5 Samþykktar fundargerðir framkvæmdastjórnar skulu gerðar aðgengilegar á vinnusvæði stjórnar.

## 5. gr. ÁLYKTUNARBÆRNI OG ÁKVÖRÐUNARVALD FRAMKVÆMDASTJÓRNAR

- 5.1 Framkvæmdastjórn er ákvörðunarbær þegar meirihluti framkvæmdastjórnar sitja fund, enda hafi fundur verið boðaður í samræmi við starfsreglur þessar. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þessa að öll framkvæmdastjórn hafi haft tök á því að fjalla um málið.

## 6. gr. ÞAGNAR- OG TRÚNAÐARSKYLDA

- 6.1 Á framkvæmdastjórn hvílir þagnarskylda um málefni félagsins, starfsfólk þess, einstakra fyrirtækja og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem framkvæmdastjórn og leynt skulu fara samkvæmt samþykktum félagsins, lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.
- 6.2 Framkvæmdastjórnarmaður skal varðveita öll gögn með tryggum hætti sem hann fær afhent til að gegna starfi sínu sem framkvæmdastjórnarmaður.

## 7. gr. STAÐFESTING OG GILDISTAKA

- 7.1 Þeir sem eiga sæti í stjórn IÐUNNAR við setningu starfsreglna þessara skulu undirrita frumrit þeirra. Ef stjórn samþykkir breytingar á starfsreglunum skulu stjórnarmenn undirrita frumrit af reglunum svo breyttum.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum IÐUNNAR 1. október 2020